



Ytra mat

Krummakot leikskóli

Úttekt þessi er unnin á vegum Menntamálastofnunar
fyrir mennta- og barnamálaráðuneytið.

Höfundar: Kolbrún Vigfúsdóttir og Sigrún Einarsdóttir
© Menntamálastofnun, 2024
ISBN 978-9979-0-2920-5

Efnisyfirlit

Inngangur	5
Markmið og tilgangur	5
Gagnaöflun	5
Samantekt niðurstaðna	6
Niðurstöður matsins settar fram á myndrænan hátt með lituðum kvarða.	10
Skýringar á litakvarða.	10
Leikskólinn og umhverfi hans	11
Leikskólinn	11
Húsnæði og útileiksvæði	11
Hugmyndafræði og áherslur	12
Stjórnun	14
Stjórnskipulag og skipurit.	14
Námskrá og áætlanir	14
Stjórnun og starfsfólk	14
Fagleg forysta	15
Starfsandi og starfsánægja	16
Uppeldis- og menntastarf	18
Námsaðstæður	18
Starfshættir	19
Lýðræði, jafnrétti og þátttaka barna	19
Námssvið.	20
Velferð og líðan barna.	22
Mat á námi og velferð barna	22
Samvinna foreldra og ytri tengsl	24
Þátttaka foreldra og upplýsingamiðlun	24
Viðhorf foreldra	25
Samstarf við grunnskóla	25
Annað samstarf	25
Skóli án aðgreiningar	27
Skólaþjónusta og sérkennsla	27
Börn með annað móðurmál en íslensku	27
Innra mat	29
Skipulag og viðfangsefni	29
Gagnaöflun og vinnubrögð	29
Opinber birting og umbætur	29
Heimildir.	30

Inngangur

Í þessari matskýrslu er fjallað um ytra mat á leikskólanum Krummakot. Matið er gert á grundvelli 17. gr. laga um leikskóla nr. 90/2008. Matið var framkvæmt af Kolbrúnu Vigfúsdóttur og Sigrúnu Einarsdóttur og fór fram á vettvangi 13. til 17. nóvember 2023. Áður hafði farið fram gagnaöflun og undirbúningur. Teknir voru fyrir eftirfarandi matsþættir: leikskólinn og umhverfi hans, stjórnun, uppeldis- og menntastarf, skólabragur og samskipti, samstarf foreldra og ytri tengsl, skólaþjónusta og sérkennsla og innra mat.

Markmið og tilgangur

Markmið mats og eftirlits með gæðum starfs í leikskólum er samkvæmt 17. grein laga um leikskóla nr. 90/2008:

1. að veita upplýsingar um skólastarf, árangur þess og þróun til fræðsluyfirvalda, starfsmanna leikskóla, viðtökuskóla og foreldra.
2. að starfsemi skóla sé í samræmi við ákvæði laga, reglugerða og aðalnámskrá leikskóla.
3. að auka gæði náms og leikskólastarfs og stuðla að umbótum.
4. að tryggja að réttindi barna séu virt og að þau fái þá þjónustu sem þau eiga rétt á samkvæmt lögum.

Með ytra mati er unnið að öllum þessum markmiðum og sérstök áhersla lögð á að efla og styðja innra mat og gæðastjórnun leikskóla, styðja við leikskólastjórnendur og kennara í umbótum á eigin starfi, hvetja kennara til að vinna saman að því að bæta eigin starfshætti og vera leikskólum hvati til frekari skólaþróunar. Grundvöllur ytra mats eru leiðbeiningar mennta- og menningarmálaráðuneytis um ytra mat leikskóla. Við matið eru notuð viðmið um gæðastarf á leikskólum, sem unnin hafa verið upp úr viðmiðum og vísbendingum fyrir innra og ytra mat á gæðum leikskólastarfs Reykjavíkurborgar. Viðmiðin eru byggð á lögum og reglugerðum um leikskólastarf og aðalnámskrá leikskóla og eru áherslur Kennarasambands Íslands hafðar til hliðsjónar.

Gagnaöflun

Matsaðilar byrjuðu á að afla sér upplýsinga um leikskólann áður en farið var í vettvangsathuganir og viðtöl. Kallað var eftir ýmsum gögnum sem varpað gætu ljósi á leikskólastarfið, ýmist á prentuðu máli eða á rafrænu formi. Kynning á forsendum og matsframkvæmd var send leikskólastjóra 17. október 2023 á rafrænu formi. Leikskólastjóra var falið að sjá til þess að starfsfólk og foreldrar hefðu tækifæri til að nálgast þessi gögn og koma spurningum eða athugasemdum á framfæri við úttektaraðila. Matsaðilar dvöldu fjóra daga á vettvangi og gerðu vettvangsathuganir á öllum deildum leikskólans. Tekin voru rýnivíðtöl við deildarstjóra, starfsfólk, foreldra og börn. Einstaklingsviðtal var tekið við leikskólastjóra og sérkennslustjóra. Rætt var við matsteymi leikskólans og símaviðtal tekið við sveitarstjóra. Þátttakendur í rýnihópum voru valdir með slembiúrtaki. Stuðst var við niðurstöður starfsmannakönnunar frá maí 2023 og foreldrakönnunar frá nóv. 2022. Báðar þessar kannanir eru framkvæmdar af starfsfólki leikskólans.

Fylgst var með uppeldi, kennslu- og starfsháttum, leik og námi, velferð og líðan barna, faglegu starfi og skipulagi náms og námsaðstæðna í leikskólanum. Matsaðilar fylltu út gátlista fyrir vettvangsathugun á deild og gáfu einkunn fyrir vísbendingar um gæðastarf sem myndar grunn að heildarmati og gefur mynd af leikskólastarfi á þeim meginþáttum sem viðmiðin ná til. Matsaðilar fóru einstaklingslega yfir þau gögn sem aflað var fyrirfram að lokinni leikskólaheimsókn, unnu saman að úrvinnslu gagna og komust að sameiginlegum niðurstöðum varðandi þá þætti sem metnir voru. Skýrslan var send leikskólastjóra til yfirlstrar. Hafa ber í huga að þær gagnaöflunarleiðir sem stuðst er við, það er viðtöl og vettvangsathuganir eru þess eðlis að niðurstöðurnar hafa takmarkað alhæfingargildi en gefa góðar vísbendingar um það starf sem fram fer í leikskólanum.

Samantekt niðurstaðna

Sett fram í punktum um styrkleika og tækifæri til umbóta sem koma einnig fram í lok hvers kafla. Við gerð umbótaáætlunar þarf skólinn og skólanefnd einnig að taka tillit til þeirra tækifæra til umbóta sem sett eru fram í skýrslunni en eru ekki nefnd hér.

Leikskólinn og umhverfi hans

Styrkleikar

- Í leikskóla og grunnskóla er unnið samkvæmt sömu uppeldisstefnu.
- Stefna leikskólans er vel sýnilegt í starfi hans.
- Leikskólinn hefur sett sér einkunnarorð, skólasýn og markmið.
- Leikskólinn hefur til umráða ásamt grunnskólanum stórt og vel hannað útikennslusvæði í skógarreit sem kallast Aldísarlundur.

Tækifæri til umbóta

- Leita þarf leiða til að bæta aðstæður starfsfólks og barna svo sem framast er unnt í núverandi húsnæði leikskólans.
- Áriðandi er að ráða aðstoðarleikskólastjóra við skólann sem fyrst.
- Mikilvægt er að leikskólinn fái nýtt húsnæði.
- Leita þarf leiða til að fjölga kennaramenntuðu starfsfólki svo leikskólinn uppfylli ákvæði laga nr. 95/2019. Þau snúast um það að lágmark 2/3 hlutar stöðugilda við kennslu, umönnun og uppeldi barna í hverjum leikskóla teljist til stöðugilda kennara.

Stjórnun

Styrkleikar

- Leikskólastjóri fundar reglulega með skólanefnd sveitarfélagsins.
- Gerð hefur verið leiðbeinandi handbók fyrir starfsfólk.
- Leikskólinn hefur sett sér jafnréttis- og eineltisáætlun, er með áfallateymi, öryggishandbók og verklagsreglur vegna slysa og slysaskráningar.
- Samstarf starfsfólks í leikskólanum er gott og starfsandinn að mestu leyti góður.
- Leikskólinn er með rýmingaráætlun.
- Starfsfólk fær svigrúm til símenntunar.
- Starfsfólk er stolt af starfi sínu og hefur trú á gæðum leikskólastarfsins.
- Skipurit er aðgengilegt í skólanámskrá og starfslýsingar aðgengilegar í starfsmannahandbók.
- Móttökuáætlun er fyrir nýtt starfsfólk.
- Leikskólinn hefur sett sér starfsmannastefnu.

Tækifæri til umbóta

- Gera ætti skriflegan samning um verkaskiptingu milli stjórnenda leikskólans.
- Greina og meta ætti vinnu og álag deildarstjóra og sérkennslustjóra vegna þátttöku í stjórnun leikskólans og leita leiða til að minnka álag á þessa aðila.
- Skoða ætti möguleika á að halda deildarstjórafundum.
- Skipuleggja þarf reglulega deildarfundum fyrir allar deildir á vinnutíma með aðkomu sérkennslustjóra þegar við á.

- Skoða ætti framboð símenntunar fyrir ófaglært fólk.
- Gera ætti greiningu á samskiptum starfsfólks og stjórnanda.
- Gott væri að leita leiða til að greina ástæður veikinda í leikskólanum.
- Samræma ætti rýmingaráætlun yfir allan leikskólann og gera sýnilega á öllum deildum.

Uppeldis- og menntastarf

Styrkleikar

- Hugmyndafræði og áherslur leikskólans Jákvæður agi birtast í námsgögnum og í samskiptum starfsfólks við börnin.
- Frjáls leikur fær góðan samfelldan tíma þar sem börnin hafa val um leikefni og leiksvæði og aðgengi að leikefni er í hæð barna.
- Deildarstjórar bera ábyrgð á gerð dagsskipulags sem er endurmetið eftir þörfum í samráði við annað starfsfólk.
- Myndrænt dagsskipulag er á deildum og í augnhæð barna.
- Börnin eru glöð og áhugasöm og finnst gaman í leikskólanum, þau eru þátttakendur í daglegu starfi og hlustað er á raddir þeirra.
- Starfsfólk vinnur samkvæmt hugmyndafræði um Jákvæðan aga.
- Unnið er markvisst að málörvun, námsgögn eru fjölbreytt og styðja við máltöku og máþroska barna.
- Lögð er áhersla á heilbrigði og vellíðan barna með jákvæðum samskiptum, hreyfingu, hollri næringu og vel er staðið að matmálistímum barna í matsal.
- Unnið er markvisst með umhverfisvernd, náttúru og vísindi í útinámi barna.
- Viðurkennd matstæki eru notuð við skimun á námi og framförum barna.

Tækifæri til umbóta

- Skoða ætti hvort áhugi er á að vinna markvisst með Barnasáttmálann.
- Æskilegt væri að móta leikefnisstefnu tengda áherslum leikskólans, yfirfara og meta leikefnið og gera aðgengi þess áhugaverðara fyrir börnin. (Mætti nýta þá vinnu sem undirbúning fyrir flutning í nýjan leikskóla.)
- Kanna fyrirkomulag barnafunda á deildum og kynna fyrir öllu starfsfólki.
- Skoða ætti óskir barna varðandi hlutverkaleikinn, yfirfara leikefni, samræma og gera hann áhugaverðan.
- Meta hvort og hvenær boðið er upp á áhugaverð og krefjandi viðfangsefni sem hæfa hverjum aldurshóp.
- Skoða ætti óskir starfsfólks um verkaskiptingu þeirra á útileikvellingum og leikfangakost yngri barna.
- Leita leiða til að auka þekkingu starfsfólks á hlutverki sínu, hvatningu og þátttöku þeirra í leik barna.
- Bæta og samræma ritmál, tölustafi og form á veggjum deilda og hafa í sjónhæð barna.
- Gera stærðfræði og vísindi sýnilegri í daglegu starfi og í gögnum leikskólans.
- Bæta aðstöðu barna í skapandi starfi á deildum, auka frumkvæði þeirra þar sem áhersla er lögð á ferlið fremur en afurðina.
- Gefa börnum tækifæri á að meta nám sitt og setja sér markmið.

Samvinna foreldra og ytri tengsl

Styrkleikar

- Foreldrar þekkja hugmyndafræði og áherslur leikskólans.
- Foreldrar eru jákvæðir í ummælum sínum um leikskólann og vel er staðið að upplýsingamiðlun til þeirra.
- Foreldrum gefst tækifæri til að fylgjast með námi barna sinna og lýsa ánægju sinni með rafbókina.
- Foreldraráð er starfandi við leikskólann, það fundar reglulega ásamt leikskólastjóra og sendir fundargerðir á fésbókarsíðu til foreldra.
- Foreldrafélag er starfandi við leikskólann og styrkir hann á margvíslegan hátt.
- Gagnlegar upplýsingar um foreldraráð og foreldrafélag er á heimasíðu leikskólans.
- Formlegt samstarf er milli leik- og grunnskóla.
- Leikskólinn er virkur þátttakandi í samfélaginu.

Tækifæri til umbóta

- Samræma ætti áherslur um foreldrasamstarf í gögnum leikskólans.
- Skilgreina lögbundið hlutverk foreldraráðs annars vegar og hlutverk foreldrafélags hins vegar og birta á heimasíðu leikskólans.
- Foreldraráð þarf að vinna starfsáætlun og birta á heimasíðu leikskólans ásamt fundargerðum.
- Bæta þarf upplýsingar á heimasíðu um fulltrúa í foreldraráði.
- Gera þarf skriflega áætlun um formlegt samstarf leik- og grunnskóla, birta í gögnum leikskólans og á heimasíðu hans.

Skóli án aðgreiningar

Styrkleikar

- Sérkennslustjóri er starfandi við leikskólann, hann ber ábyrgð á sérkennslu, sinnir greiningum, sér um einstaklingsnámskrá, veitir starfsfólki og foreldrum ráðgjöf og er tengiliður við skólaþjónustu Akureyrarbæjar.
- Leikskólinn er í formlegu samstarfi við skólaþjónustu Akureyrarbæjar.
- Myndað er teymi um sérkennslubörn, teymisfundir haldnir reglulega og einstaklingsnámskrá unnin í samráði við foreldra, stuðningsaðila og sérfræðinga.
- Foreldrar eru jákvæðir í ummælum sínum um sérkennsluþjónustuna og finnst þjónustustigið gott.
- Áætlun og verkferlar eru til um móttöku barna með annað tungumál en íslensku og boðið er upp á túlkaþjónustu ef þarf.

Tækifæri til umbóta

- Gera skriflegan verkferil ef og þegar grunur vaknar um barn með þroskafrávik.
- Æskilegt væri að koma á formlegu skipulagi á samskiptum við sérfræðinga á Skólaskrifstofu Akureyrarbæjar.
- Æskilegt væri að hafa almennar upplýsingar á heimasíðu á fleiri tungumálum en íslensku.

Innra mat**Styrkleikar**

- Leikskólinn er með matsteymi sem hefur sett sér starfsáætlun.
- Leikskólinn hefur sett sér matsáætlun til fjögurra ára.
- Foreldrar eiga fulltrúa í matsnefnd leikskólans.
- Leikskólinn setur sér árlega matsáætlun.
- Út frá niðurstöðum úr árlegu innra mati er gerð umbótaáætlun.
- Niðurstöður innra mats og umbótaáætlun eru birtar á heimasíðu leikskólans.

Tækifæri til umbóta

- Mikilvægt er að gerðar verði starfsmanna- og foreldrakannanir fyrir leikskólann af óháðum aðila.
- Leita þarf leiða til að börnin komi að innra mati leikskólans.
- Tryggja ætti að foreldrar séu upplýstir um setu fulltrúa síns í matsteymi leikskólans.
- Æskilegt væri að vísa í niðurstöður innra mats í skólanámskrá.

Niðurstöður matsins settar fram á myndrænan hátt með lituðum kvarða

Stjórnun	Uppeldis og menntastarf	Leikskólabragur	Foreldrasamstarf	Innra mat
Skólanámskrá, starfsáætlun og verklagsreglur	Skipulag náms og náms-aðstæður	Viðmót og menning	Þátttaka foreldra í leikskólastarfi og upplýsingamiðlun	Skipulag og viðfangsefni
Stjórnandinn sem faglegur leiðtogi	Uppeldi, menntun og starfshættir	Velferð og líðan barna	Viðhorf foreldra	Gagnasöfnun og vinnubrögð
Stjórnun og daglegur rekstur	Leikur og nám, lýðræði, jafnrétti og þátttaka barna	Hlutverk leikskólakennara		Opinber birting og umbætur
Faglegt samstarf	Námssvið leikskólans	Fagmennska starfsfólks		
Leikskólaþróun og símenntun	Leikskóli án aðgreiningar	Starfsánægja		
	Mat á námi og velferð barna			

Skýringar á litakvarða

Heildarstig undirkafla	Litur	Lýsing á starfi
3,6–4	Grænt	Flestir eða allir þættir sterkir. Mjög gott verklag sem samræmist fyllilega lýsingu um gæðastarf.
2, 6–3,5	Ljósgrænt	Fleiri styrkleikar en veikleikar. Gott verklag, flestir þættir í samræmi við lýsingu á gæðastarfi.
1,6–2,5	Gult	Fleiri veikleikar en styrkleikar. Einhverjir mikilvægir þættir sem þarfnast úrbóta.
1,0–1,5	Rautt	Mikil umbótaþörf í flestum eða öllum þáttum. Óviðunandi verklag, uppfyllir ekki viðmið um gæðastarf í mörgum mikilvægum þáttum.

Leikskólinn og umhverfi hans

Leikskólinn

Leikskólinn Krummakot er fimm deilda með 74 nemendum á aldrinum eins árs til fimm ára. Leikskólinn er staðsettur í Hrafnagilshverfi, Eyjafjarðarsveit og hefur verið rekinn í núverandi húsnæði frá 1998. Börn sem eru með viðbótarkennslu eru samtals átta. Börn sem eiga annað móðurmál en íslensku eru tvö.

Deildir leikskólans eru þessar: Fæðingarár barna á deildum:

• Lerki	2018
• Einir	2020–2021
• Víðir	2021–2022
• Björkin	2021
• Furan	2022

Húsnæði og útileiksvæði

Húsnæði

Leikskólinn er starfræktur í gömlu húsnæði (verður 100 ára 2024) sem upphaflega var ekki byggt fyrir leikskóla. Nýlega hefur verið bætt við deild, byggðri úr fjórum gámum sem tengdir eru við aðalhúsið. Í henni eru elstu börn leikskólans.

Húsnæði deilda er mismunandi varðandi leikrými, staðsetningu og hljóðvist. Á deild hinna elstu var hljóðvist afar slæm en samkvæmt upplýsingum starfsfólks var á áætlun var að bæta hana. Allar deildir hafa rými fyrir frjálsan og skipulagðan leik. Á öllum deildum er aðstaða fyrir hvíld og snyrtingu. Sameiginlegt fataherbergi er fyrir tvær deildir en aðrar hafa hver sitt fataherbergi. Skrifstofa fyrir leikskólastjóra er staðsett á ósamþykktu lofti í annarri álmu leikskólans en aðstaða fyrir sérkennslu, lítið herbergi sem jafnframt er skrifstofa sérkennslustjóra, er staðsett á annarri hæð í hinni álmunni. Aðstaða fyrir starfsfólk til undirbúnings er lítil og illa lýst. Sameiginleg rými eru Listaloft sem öll börn hafa aðgang að, sulluaðstaða er inn af kaffistofu starfsfólks og matsalur þar sem börn á þremur elstu deildunum matast.

Á tveim yngstu deildum borða börnin inni á sínum heimastofum. Lítið móttökueldhús, sem opið er inn í matsalinn, er í leikskólanum. Matur fyrir leik- og grunnskóla er unninn í eldhúsi grunnskólans, þar sem lögð er áhersla á heilsusamlegt fæði og íslenskt hráefni eins og fram kemur á heimasíðu grunnskólans.

Aðstæður til funda í leikskólanum eru mjög takmarkaðar, stærri fundi er hægt að halda í matsal sem tekur þó ekki allan foreldrahópinn í einu. Skrifstofa leikskólastjóra, sérkennsluherbergi og herbergi fyrir undirbúning starfsmanna eru notuð fyrir minni fundi svo sem foreldraviðtöl, deildarstjórafundir og einstaklingsviðtöl. Fram kom í viðtölum við deildarstjóra og starfsfólk í Krummakoti að undirbúningsaðstaða væri of lítil og loftlaus. Þær nefndu einnig skort á rými fyrir minni fundi.

Að sögn leikskólastjóra getur leikskólinn fengið aðstöðu fyrir fundi í Hrafnagilsskóla. Matsaðilar geta staðfest að fundaraðstaða leikskólans er ekki fullnægjandi. Ekki er aðstaða fyrir hreyfileiki í leikskólanum en hann hefur gott aðgengi að vel útbúnu útikennslusvæði og einnig hefur leikskólinn aðgang að íþróttahúsi grunnskólans.

Samkvæmt upplýsingum frá leikskólastjóra, sveitarstjóra, starfsfólki og foreldrum er í undirbúningi að byggja nýtt húsnæði fyrir leikskólann og verður það tengt húsnæði grunnskólans. Áætlað að nýtt húsnæði verði tilbúið 2025.

Útileiksvæði

Útileiksvæði leikskólans er stórt en illa við haldið. Leiktæki slitin, fallvarnir í ólagi og að sögn starfsfólks myndast í rigningu og leysingum stór vatnspollur nærri húsinu sem getur verið hættulegur börnum. Vestan við skólann í skógarreit sem kallast Aldísarlundur er sameiginlegt stórt og vel hannað útikennsluvæði fyrir leik- og grunnskóla. Margar gönguleiðir er að finna á svæðinu. Útikennsluvæðið er í stuttu göngufæri frá leikskólanum og er mikið nýtt allan ársins hring. Að áliti matsaðila uppfyllir húsnæði leikskólans ekki kröfur sem gerðar eru varðandi rými leikskólahúsnæðis í lögum um leikskóla nr. 90/2008 og í reglugerð um starfsumhverfi leikskóla nr. 655/2009 með síðari breytingum.

Starfsfólk sem starfar við leikskólann er samtals 24 í alls 19.46% stöðugildum. Tveir leikskólakennarar eru í 100% starfi, einn leikskólakennari í 15% starfi. Tveir stjórnendur eru í leikskólanum, leikskólastjóri og sérkennslustjóri. Ekki er starfandi aðstoðarleikskólastjóri við leikskólann en að sögn sveitarstjóra var starf aðstoðarleikskólastjóra lagt niður samkvæmt ráðleggingum frá fyrirtækinu Ásgarður – íslensk skólaráðgjöf.

Auk stjórnenda starfa sex deildarstjórar í leikskólanum. Leikskólastjóri hefur stjórnað leikskólanum frá árinu 2017. Hún hefur leyfisbréf kennara og er í 100% stjórnunarstöðu. Sérkennslustjóri er þroskaþjálfari, þegar matið fór fram var hún í 50% starfi samkvæmt upplýsingum frá stjórnendum leikskólans og sveitarstjóra hefur verið ákveðið að auka stöðugildi hennar í 100%.

Þrjú deildarstjórar eru í 100% stöðum og hafa leyfisbréf kennara: einn með áherslu á leikskólafræði, annar með áherslu á framhaldsskóla og sá þriðji með áherslu á grunnskóla. Tveir deildarstjórar, ófaglærðir í 100% starfi, deila með sér deildarstjórastöðu 50% hvor. Útikennslustjóri með BS í náttúru- og umhverfisfræði er í 95% stöðu og deilir jafnframt deildarstjórastöðu með öðrum kennara. Einn þroskaþjálfari, 62,50%, starfar við sérkennslu í leikskólanum.

Starfsfólk án leyfisbréfs kennara er: ein með BA í uppeldis- og menntunarfræðum, önnur er talmeinafræðingur að ljúka námi í talvísindum og sú þriðja er að ljúka þroskaþjálfanámi og verið er að meta leyfisbréf í leikskólafræðum fyrir erlendan leikskólakennara; annað starfsfólk er ófaglært.

Leikskólinn uppfyllir ekki ákvæði 2. mgr. 14. gr. laga nr. 95/2019 um menntun og ráðningu kennara og skólastjórnenda við leikskóla, grunnskóla og framhaldsskóla, um að a.m.k. 2/3 hlutar stöðugilda við kennslu, umönnun og uppeldi barna í hverjum leikskóla skuli teljast til stöðugilda kennara. Nokkur munur er á hversu vel deildir eru mannaðar af starfsfólki með reynslu og þekkingu á leikskólastarfi.

Hugmyndafræði og áherslur

Í skólanámskrá leikskólans kemur fram að skólinn sækir sér hugmyndafræði til tveggja fræðimanna: *John Dewey* og *Lev Vygotsky*. Starfsaðferðir leikskólans eru sóttar til uppeldisstefnunnar *Jákvæður agi*, sem byggist á kenningum geðlæknanna *Alfreds Adlers* og *Rudolfs Dreikurs*. Krummakot og Hafra-lækjaskóli hófu innleiðingu þeirrar stefnu árið 2012 og hafa báðir skólar unnið samkvæmt henni síðan.

Í viðtölum við starfsfólk og foreldra kemur fram að þau þekkja stefnuna og eru ánægð með hana og framkvæmd hennar. Í starfsmannakönnun frá maí 2023 og foreldrakönnunum frá nóv. 2022 komu fram sömu niðurstöður.

„*Jákvæður agi* felur í sér að horft er á orsakir hegðunar fremur en til dæmis að reyna að breyta hegðuninni með umbun og refsingu. Meginreglur Jákvæðs aga eru að hjálpa til við að byggja samband væntumþykju og virðingar. Jákvæður agi byggir á kennslu, skilningi, hvatningu og samskiptum. Börn verða ábyrgðarfull ef þau fá tækifæri til að þroska félagsfærni sína í gegnum lífsleikni í andrúmslofti virðingar, góðvildar og festu. Jákvæður agi byggir á því að börn þroski og efli með sér færni í að finna lausnir og setja sér mörk í samvinnu við fullorðna. Jákvæður agi byggir á því að börn þroski og efli með sér færni í að finna lausnir og setja sér mörk í samvinnu við fullorðna.“ <https://jakvaeduragi.is/>

Einkunnarorð leikskólans eru: *Leikur er okkar nám* og segir í námskrá leikskólans að litið sé á leikinn sem meginnámsleið leikskólabarna. Leikskólinn hefur sett sér það sem kallað er *Skólasýn* undir kjörorðunum *Virðing, góðvild og festa þar sem gleði og fagmennska ríkir*.

Markmið leikskólans eru:

- Að nemendur nái að þroska hæfileika sína eins og kostur er.
- Að agi sem einkennist af virðingu, góðvild og festu styrki sjálfsmynd nemenda og trú þeirra á eigin getu.
- Að börnin upplifi að þau geti, vilji og langi.

Gildismat leikskólans grundvallast á lífsleikni og félagsfærni sem byggir á dyggðum og mannlegum gildum ásamt Jákvæðum aga. Gengið er út frá að hvert barn sé einstakt og búi yfir margvíslegum hæfileikum, börn tileinki sér þekkingu á mismunandi hátt, börn læri af eigin reynslu með því að uppgötva sjálf, að börn séu hugmyndaríkir, forvitnir og skapandi einstaklingar og að í viðfangsefnum barna beri að líta á ferlið sjálft sem dýrmætara en eiginlegan afrakstur vinnunnar. Álit matsaðila er að greina megi uppeldisaðferðina Jákvæður agi í starfi með börnunum og samstarfi starfsfólks.

Styrkleikar

- Í leikskóla og grunnskóla er unnið samkvæmt sömu uppeldisstefnu.
- Stefna leikskólans er vel sýnilegt í starfi hans.
- Leikskólinn hefur sett sér einkunnarorð, skólasýn og markmið.
- Leikskólinn hefur til umráða ásamt grunnskólanum stórt og vel hannað útikennslusvæði í skógarreit sem kallast Aldísarlundur.

Tækifæri til umbóta

- Leita þarf leiða til að bæta aðstæður starfsfólks og barna sem framast er unnt í núverandi húsnæði leikskólans.
- Áriðandi er að ráða aðstoðarleikskólastjóra við skólann sem fyrst.
- Mikilvægt er að leikskólinn fái nýtt húsnæði.
- Leita þarf leiða til að fjölga kennaramenntuðu starfsfólki svo leikskólinn uppfylli ákvæði laga nr. 95/2019. Þau snúast um að a.m.k. 2/3 hlutar stöðugilda við kennslu, umönnun og uppeldi barna í hverjum leikskóla teljist til stöðugilda kennara.

Stjórnun

Stjórnskipulag og skipurit

Rekstraraðili Krummakots er sveitarfélagið Eyjafjarðarsveit. Skólanefnd Eyjafjarðarsveitar fer með málefni leikskólans í umboði sveitarstjórnar. Nefndin er skipuð fimm aðalfulltrúum og fimm til vara. Sveitarstjóri situr fundi nefndarinnar, með málfrelsi og tillögurétt. Hann ber ábyrgð á eftirfylgni varðandi ákvarðanir og samþykktir nefndarinnar. Leikskólastjóri, fulltrúi starfsfólks og fulltrúi foreldra eiga rétt til setu á fundum skólanefndar á meðan fjallað er um málefni leikskólans.

Sveitarstjóri er næsti yfirmaður leikskólastjóra. Hann fer með málefni leikskólans og fylgist með starfsemi hans eftir því sem lög og reglugerðir kveða á um og staðfestir innra mat leikskólans ár hvert. Skólanefnd staðfestir skólanámskrá leikskólans og starfsáætlun ár hvert.

Leikskólinn hefur sett sér jafnréttis- og eineltisáætlun, er með áfallateymi og verklagsreglur vegna slysa og slysaskráningar (Upplýsingar um þetta er að finna í starfsmannahandbók og í Öryggishandbók.) Leikskólinn er með rýmingaráætlun sem er yfirfarin á hverju ári og er stýrt af sameiginlegum húsverði leik- og grunnskóla. Mismunandi er hversu sýnilegar rýmingaráætlanir eru á deildum. Á heimasíðu leikskólans er öryggishandbók frá 2021, þar eru meðal annars upplýsingar um áfallateymi leikskólans og viðbrögð við áföllum.

Samkvæmt upplýsingum sveitarstjóra virðist í dag vera almenn ánægja í samfélaginu með leikskólann. Skólanefnd eða sveitarstjóra hafa ekki borist kvartanir varðandi starfsemi hans. Aðspurður um hver væru mikilvægustu verkefni sveitarstjórnar gagnvart leikskólanum sagði hann það vera að bæta núverandi húsnæði eins og mögulegt væri en á dagskrá hjá sveitarfélaginu væri að byggja nýtt húsnæði fyrir leikskólann.

Námskrá og áætlanir

Skólanámskrá leikskólans var síðast endurskoðuð árið 2022 og uppfyllir kröfur sem gerðar eru í aðalnámskrá leikskóla frá 2011, ekki kemur fram hverjir sáu um endurskoðun hennar. Í skólanámskrá leikskólans segir að unnið sé sérstaklega með fjóra þætti sem einkenna starfið í leikskólanum: *Uppeldisstefnan Jákvæður agi, útikennsla, Markviss málörvun* (Lubbi og orðaspjall) og *Söguaðferðin* þar sem öll námssvið leikskólans eru samþætt í eitt þemaverkefni. Í leikskólanum mátti greina þessa þætti í daglegu starfi. Leikskólinn er með starfsáætlun fyrir skólaárið 2023–2024 sem uppfyllir kröfur aðalnámskrár um starfsáætlun. All greinargóð starfsmannahandbók frá árinu 2021 er í leikskólanum.

Stjórnun og starfsfólk

Stjórnendateymi Krummakots mynda leikskólastjóri, sérkennslustjóri og deildarstjórar. Ekki er formleg verkaskipting innan teymisins. Leikskólastjóri ber ábyrgð á faglegu starfi leikskólans, rekstri hans, innritun barna og innkaupum. Sér um ráðningu starfsfólks, sinnir almennu starfsmannahaldi og stýrir daglegu skipulagi starfsfólks í samstarfi við deildarstjóra (afleysingar og röðun á deildir). Leikskólastjóri skipuleggur fræðslu innan leikskólans. Innra matsteymi leikskólans¹ ber ábyrgð á skýrslugerðum og frágangi á öðru efni er varða starfið. Að mati deildarstjóra vantar skriflegt samkomulag um alla verkaskiptingu stjórnenda. Þær nefndu í því sambandi verkefni sem deildarstjórar sinna en ættu að vera á höndum leikskólastjóra, (eins og áður hefur komið fram er ekki aðstoðarleikskólastjóri í leikskólanum). Deildarstjórar nefndu sem dæmi mönnum í húsi, starfshlutfall á deildum og vinnutímastyttingu. Dæmi um önnur verkefni sem deildarstjórar og sérkennslustjóri sinna eru: yfirlestur á bréfum sem fara úr húsi, útreikningar á stöðugildum, yfirumsjón með framkvæmd innra mats og skýrslugerðir. Ekki eru auka undirbúningstímar fyrir þá deildarstjóra sem taka að sér þessi aukaverkefni. Starfsfólk þekkir þessa verkaskiptingu þó hún sé ekki skráð.

Samkvæmt upplýsingum leikskólastjóra fundar stjórnunarteymið (kallast deildarstjórafundir) vikulega á föstudögum, þar sem farið er yfir það sem er á döfinni í leikskólanum og komið á framfæri ýmsum upplýsingum. Skrifaðar eru fundargerðir á öllum fundum og lagðar fram sem útprentað skjal á kaffistofu starfsfólks, gert ráð fyrir að starfsfólk lesi það. Deildarstjórar bera ábyrgð á og skipuleggja starf

¹ Innra matsteymi skipa af hálfu starfsfólks leikskólastjóri, sérkennslustjóri og einn deildarstjóri; auk þess eiga foreldrar fulltrúa í teyminu.

deilda. Ekki eru haldnir eiginlegir deildarstjórafundir, þar sem deildarstjórar hittast án stjórnenda en fram kom í samtali við þá að gagnlegt væri að skipuleggja slíka fundi. Skipurit er aðgengilegt í skólanámskrá og starfslýsingar í starfsmannahandbók.

Áætlun um skipulagsdaga er sett upp fyrir starfsárið og kemur fram á skóladagatali. Skipulagsdagar í leikskólanum eru sex á ári, send er út dagskrá fyrir starfsdaga, ritaðar fundargerðir prentaðar út og lagðar fram á kaffistofu. Á skipulagsdögum er fjallað um skipulag leikskólastarfsins og innra mat. Þar er einnig vakin athygli á námskeiðum og símenntunartækifærum fyrir alla. Einnig er boðið upp á fræðslu á þessum dögum. Skipulagsdagar eru að hluta til samræmdir við grunnskóla sveitarfélagsins. Hluti af skipulagsdögum eru nýttir fyrir starfsmannafundi. Ekki eru aðrir starfsmannafundir í leikskólanum. Deildarfundir eru ekki haldnir reglulega en deildarstjórar og starfsfólk taldi mikilvægt að taka upp þá reglu að skipuleggja deildarfundir á vinnutíma. Á þeim deildarfundum sem haldnir eru er rætt um skipulag deildarinnar, unnið að því að samræma starfsaðferðir starfsfólks og fara yfir stöðu barnahópsins. Deildarstarfsfólk fer yfir tengslahringinn til að fylgjast með hvort starfsfólk sé örugglega í samskiptum við öll börnin og hvernig samskipti eru milli starfsfólks.

Leikskólastjóri tekur starfsþróunarsamtal við allt starfsfólk á haustönn en deildarstjórar taka viðtal við sitt starfsfólk á vorönn. Deildarstjórar, leikskólakennarar og háskólamenntað starfsfólk fær samningbundinn undirbúningstíma. Annað starfsfólk í 100% vinnuhlutfalli fær tveggja tíma undirbúningstíma á viku en annars eftir starfshlutfalli. Deildarstjórar sjá um að skipuleggja undirbúningstíma og útteila verkefnum til síns starfsfólks.

Við auglýsingu og ráðningu nýs starfsfólks er fylgt lögum nr. 87/2008 um menntun og ráðningu kennara og skólastjórnenda. Við undirritun ráðningarsamnings er skrifað undir ákvæði um trúnað og þagnar-skyldu og leyfi veitt til að skoða sakaskrá. Leikskólastjóri tekur ráðningarviðtöl og raðar starfsfólki á deildir. Deildarstjóri sér um og ber ábyrgð á þjálfun nýs starfsfólks. Það sama á við þegar starfsfólk flytur sig milli deilda. Ef deildarstjóri er upptekinn, felur hann öðrum á deildinni umsjón með nýliðanum þann tíma. Leikskólastjóri tekur fyrsta viðtal við umsækjanda en síðan eru viðtöl tekin eftir þörfum á reynslutíma ýmist af leikskólastjóra eða deildarstjórum. Starfsfólk getur á tímabilinu óskað eftir viðtali við deildarstjóra eða leikskólastjóra. Viðtal skal tekið áður en reynslutíma lýkur. Á heimasíðu leikskólans er móttökuáætlun fyrir nýtt starfsfólk.

Leikskólinn hefur sett sér starfsmannastefnu með markmiði og leiðarljósi (gögn frá leikskólastjóra). Í starfsáætlun 2023–2024 segir að móttökuáætlun starfsfólks þarfnist endurskoðunar og á áætlun sé að endurskoða hana á skólaárinu. Í starfsmannahandbók er listað upp ferli við ráðningu og mótöku nýs starfsfólks. Leikskólastjóri heldur skrá yfir símenntun starfsfólks. Að hennar mati eru næg símenntunartilboð fyrir allt starfsfólk og það geti einnig valið sér fræðslu eftir áhuga. Fræðsla sem starfsfólk sækir er í tengslum við verkefni og stefnu leikskólans. Að sögn deildarstjóra er vel tekið í óskir um símenntun og leikskólastjóri deilir upplýsingum um hugmyndir að símenntun, bæði fyrir einstaklinga og/eða allan hópinn. Úrval á endurmenntun er þó frekar takmarkað á þessu svæði. Boðið hefur verið uppá *Súm-námskeið* og nefndi starfsfólk sem dæmi námskeiðið *Fyrstu skrefin* sem það var ánæggt með. Annars var starfsfólk misánæggt með þetta fræðsluform. Í rýnihópi starfsfólks kom fram mismunandi ánægja með þá fræðslu sem væri í boði og nefndu sumir að minna framboð á fræðslu væri fyrir ófaglært starfsfólk.

Fagleg forysta

Leikskólastjóri var spurð um áherslu sína í stjórnun. Hún lagði áherslu á mikilvægi þess að vera sýnileg öllum og þekkja öll börnin og foreldrana. Sem stjórnandi sagði hún mikilvægt að geta sýnt þolinmæði en jafnframt nauðsynlegt að taka strax á málum sem upp koma. Hún sagðst leggja áherslu á að fara inn á allar deildir á hverjum morgni til að hitta börn og starfsfólk. Til að fylgjast með starfinu notar hún til dæmis matartíma í sal, aðstoð í matartímum á yngri deildum og óskipulagðar heimsóknir inn á deildir. Tilgangurinn með viðveru á deildum og í matartímum sagði hún vera að veita starfsfólki stuðning og vera því til fyrirmyndar. Fram kom hjá deildarstjórum og starfsfólki að leikskólastjóri komi inn á deildir, oftár á yngri deildirnar tvær en leysi af í veikindum á öllum deildum.

Í starfsmannakönnun frá maí 2023 segir meirihluti starfsfólks að það beri traust til leikskólastjórans og hún leggi rækt við samstarf við nemendur, starfsfólk og foreldra. Sömu niðurstöður koma fram í foreldrakönnun frá 2022. Samkvæmt þátttakendum í rýnihópum deildarstjóra og starfsfólks kemur sérkennslustjóri oftast en leikskólastjórinn inn á deildir, hún leiðbeinir starfsfólki og fylgist með börnum, bæði sérkennslubörnum og öllum hópnum. Í rýnihópi barna kom fram að þau þekktu ekki leikskólastjóra. Rýnihópur foreldra talaði um að mjög auðvelt væri að ná sambandi við leikskólastjóran og hún heilsa alltaf þegar foreldrar hitta hana á göngunum.

Starfsandi og starfsánægja

Stjórnendur og starfsfólk sagði að starfsandi og skólabragur væri í heildina góður, það er stolt af starfi sínu og líður yfirleitt vel. Rýnihópur deildarstjóra sagði að góður starfsandi væri milli starfsfólks í leikskólanum, töluðu um virðingu og samkennd í góðum starfshópi sem væri viljugur til samstarfs. Að sögn leikskólastjóra er mjög góður starfsandi í leikskólanum, hún segir að *Söguaðferðin* hafi þau áhrif að starfsfólk deilda þurfi í raun að vinna saman og almennt sé góður vilji fyrir samstarfi þar sem reynir á styrkleika og viðingu. Fáir menntaðir leikskólakennarar eru í leikskólanum en að sögn leikskólastjóra er hópurinn blanda af fólki með mikla reynslu og yngra og óreyndara fólki sem hún telur yfirleitt áhugasamt um að skila góðu starfi.

Hópar í Söguaðferðinni skiptast þvert á deildir sem eflir samstarf innan starfshópsins. Haustið hefur verið erfitt en flest er að færast í betra horf að sögn deildarstjóra og starfsfólks, erfiðir álagstímar væru þó viðvarandi. Deildarstjórar hrósuðu sérkennslustjóra sérstaklega fyrir stuðning við að búa til reglur (strúktúr) og fylgja þeim eftir. Samskipti við leikskólastjóra eru að mestu leyti góð, þó kom fram hjá starfsfólki og deildarstjórum að þörf væri á að ræða nokkra þætti í því samstarfi. Mikið álag er á þeim deildarstjórum sem taka hluta af stjórnun leikskólans auk þess að stjórna deild. Vegna skipulags í húsinu er yngsta deildin nokkuð afsíðis og finna þær sig ekki alltaf með í hópnum. Deildarstjórar sögðust stoltir af starfi sínu og töldu sig í flestum tilfellum metnar að verðleikum.

Starfsfólk talaði um mjög gott samstarf á deildum og á milli deilda, annars vegar eldri deildir og hins vegar yngri deildir. Í samstarfinu er tekið tillit til annarra og reynt að miðla reynslu og þekkingu. Starfsfólk var stolt af starfi sínu og taldi hæfni sína í flestum tilfellum metna. Í starfsmannakönnun frá 2023 kom fram að starfsfólk er mjög sammála því að gert sé ráð fyrir samstarfi starfsfólks í leikskólanum. Til að viðhalda góðum starfsanda væri starfandi skemmtinefnd og starfsfólk væri duglegt að hittast og gera skemmtilega hluti saman. Að sögn þess er vel tekið á móti nýju starfsfólki. Nokkuð er um veikindi í leikskólanum og væri þörf á að skoða ástæður fyrir þeim. Upplýsingaflæði innan skólans sé að mestu leyti gott og fram kom að það er á ábyrgð hvers og eins að lesa fundargerðir og önnur skilaboð sem berast. Í starfsmannakönnun frá 2023 segir starfsfólk að því líði vel í vinnunni og starfsandinn sé góður. Það sé hvatt til að sýna frumkvæði og stjórnendur styðji þau í starfi.

Styrkleikar

- Leikskólastjóri fundar reglulega með skólanefnd sveitarfélagsins.
- Gerð hefur verið leiðbeinandi handbók fyrir starfsfólk.
- Leikskólinn hefur sett sér jafnréttis- og eineltisáætlun, er með áfallateymi, öryggishandbók og verklagsreglur vegna slysa og slysskráningar.
- Samstarf starfsfólks í leikskólanum er gott og starfsandinn að mestu góður.
- Leikskólinn er með rýmingaráætlun.
- Starfsfólk fær svigrúm til símenntunar.
- Starfsfólk er stolt af starfi sínu og hefur trú á gæðum leikskólastarfsins.
- Skipurit er aðgengilegt í skólanámskrá og starfslýsingar aðgengilegar í starfsmannahandbók.

- Móttökuáætlun er fyrir nýtt starfsfólk.
- Leikskólinn hefur sett sér starfsmannastefnu.

Tækifæri til umbóta

- Gera ætti skriflegan samning um verkaskiptingu milli stjórnenda leikskólans.
- Greina og meta ætti vinnu og álag deildarstjóra og sérkennslustjóra vegna þátttöku í stjórnun leikskólans og leita leiða til að minnka álag á þessa aðila.
- Skoða ætti möguleika á að halda deildarstjórafundi.
- Skipuleggja þarf reglulega deildarfundir fyrir allar deildir á vinnutíma með aðkomu sérkennslustjóra þegar við á.
- Skoða ætti framboð símenntunar fyrir ófaglært fólk.
- Gera ætti greiningu á samskiptum starfsfólks og stjórnanda.
- Gott væri að leita leiða til að greina ástæður veikinda í leikskólanum.
- Samræma ætti rýmingaráætlun yfir allan leikskólann og gera sýnilega á öllum deildum.

Uppeldis- og menntastarf

Námsaðstæður

Matsmenn sáu hugmyndafræði og áherslur leikskólans birtast í námsgögnum og starfi á deildum. Möguleikar húsnæðis voru nokkuð vel nýttir til náms og leikja í sæmilega fjölbreyttu og hvetjandi umhverfi. Aðstaða var á deildum til að vinna markvisst með minni hópa í frjálsu og skipulögðu starfi bæði í gólf- og borðleikjum. Í flestum tilvikum lagði starfsfólk sig fram um að nýta rýmin sem best. Á elstu deildinni, sem er fimmta og nýjasta deildin, var ein leikstofa og gangur inn á deildina sem gegndi nokkrum hlutverkum, fatahengi fyrir starfsfólk en um leið inngangur inn á deildina sem var af og til nýttur til gólfleikja fyrir lítinn hóp barna.

Leikskólinn var nokkuð vel útbúinn leik- og námsgögnum sem höfða að mestu til allra aldurshópa. Aðgengi barna að leikefni var nokkuð gott og gert ráð fyrir að þau sýni frumkvæði við val á viðfangsefnum. Hluti af leikefni á yngri deildum var í hæð barna en annað sótti starfsfólk í efri hillur. Úrval var af tré- og plast leikföngum, dýrum og kubbum af ýmsum tegundum, bókum, litum og pappír. Nokkuð var til af spilum og púsluspilum en meðan matsaðilar voru á vettvangi voru þau ekki í notkun og aðgengi og sýnileiki var mismunandi eftir deilum. Gert var ráð fyrir hlutverkaleik á deildum en efniviður mætti vera fjölbreyttari og áhugaverðari. Þegar börn í rýnihóp voru spurð hvort nóg væri af leikföngum sögðust þau svo vera en vildu fleiri bíla, meira af matardóti, fleiri dúkkur og fleiri búninga „við eigum bara tvo“. Deildarstjórar töldu að nóg væri til af leikefni og vel væri brugðist við óskum þeirra um kaup á leik- og námsefni. Foreldrar voru sama sinnis og fannst efniviður leikskólans góður.

Matsaðilar sáu nokkuð fjölbreytt úrval leik- og námsefnis á deildum en að þeirra mati væri gagnlegt að yfirfara það og meta hvort viðfangsefni hafi hverjum aldurshóp. Einnig þurfi að gera aðgengi að efninu betra. Matsaðilar sáu ekki bóka- og leikfangasafn í leikskólanum en samkvæmt upplýsingum leikskólastjóra er hvort tveggja til staðar í leikskólanum. Samkvæmt upplýsingum deildarstjóra heim-sækir starfsfólk og börn almenningsbókasafnið sem er staðsett í Hrafnagilsskóla. Efniviður til skapandi starfs var að mestu á Listalofti sem allar deildir eiga að hafa aðgang að. Hann var nokkuð fjölbreyttur þar en börnin hafa mjög takmarkað aðgengi og möguleika á að sýna frumkvæði í vali á efniviði, meðal annars vegna þrengsla. Ákveðinn starfsmaður sá um starfið á Listalofti og bar ábyrgð á því. Leikfangastefna er ekki til í leikskólanum.

Skipulag húsnæðist bauð upp á góða möguleika á samskiptum og samstarfi milli deilda. Tvær yngri deildirnar voru í öðrum hluta hússins en eldri deildirnar þrjár í hinum hlutanum. Móttökueldhús og matsalur sem aðskilur yngri og eldri deildir, hindrar að hluta til samstarf. Fram kom hjá leikskólastjóra að markvisst væri unnið að samstarfi starfsfólks, annars vegar vinni starfsfólk yngri deilda saman og hins vegar starfsfólk og börn eldri deilda. Starfsfólk sagði samstarf vera töluvert og tengist það verk-efnum leikskólans og nefndi fólk sem dæmi námsefni eins og Söguaðferðina sem krefst góðrar samvinnu og væri unnið með hana þvert á deildir.

Samskipti eldri barna milli deilda eru töluvert. Eldri börnin hittast í matsal á matmálstímum og á föstudögum hittast öll börn leikskólans í sameiginlegri söngstund á einni af eldri deildunum. Börnin á eldri deildunum undirbúa og æfa sönglög fyrir Uppskeruhátíð þangað sem foreldrum er boðið að koma og fylgjast með. Einnig fara börn af eldri deildum oft saman í útinám.

Nánasta umhverfi leikskólans býður upp á vettvangsferðir og náttúruskoðun sem er fastur liður í dag-skipulagi deilda. Fram kom hjá starfsfólki að oft væru börnin ekki öll á útileiksvæðinu í einu þar sem hluti þeirra væru í vettvangsferðum auk áðurnefnds útináms og einn föstudag í mánuði setur hver deild upp útikennslustöð á leikskólalóðinni. Útileiksvæði yngstu barnanna er að huta til afmarkað þar sem gert er ráð fyrir að þau leiki sér í næði meðal annars í þeim tilgangi að veita þeim öryggi. Í rýnihópum starfsfólks á yngri deildum kom fram að fátt væri í boði fyrir börnin á útileiksvæðinu og að starfsfólk mætti dreifa sér betur um garðinn í þeim tilgangi að hafa betri yfirsýn yfir barnahópin.

Starfshættir

Deildarstjórar bera ábyrgð á gerð dagsskipulags sem er endurmetið eftir þörfum og í samráði við starfsfólk. Samræmt dagskipulag er milli yngri deilda annars vegar og milli eldri deilda hins vegar. Dagskipulag var sýnilegt á öllum deildum og skiptist í frjálstan leik, Söguaðferð, Lubbastund (málörvun/orðaspjall), hópastarf/val, íþróttir, samveru-, tónlistar- og söngstundir, útinám, matmálstíma, hvíld og útiveru. Á eldri deildum var einnig á dagskipulagi barnafundir og jóga. Dagskipulagið á deildum var myndrænt í augnhæð barna. Skipulagt starf fór að mestu fram fyrri hluta dags þegar unnið var markvisst að áherslum leikskólans. Viðburðardagatal fyrir hvern mánuð var á hverri deild og hlutverk og verklýsingar starfsfólks voru sýnilegar á deildum. Áherslur úr skólanámskrá, veggspjald um málörvun og leiðbeinandi gögn úr uppeldisstefnunni *Jákvæður agi* var einnig sýnilegt. Starfsfólk í rýnihópum nefndu öll *Jákvæðan aga* sem starfsaðferð, sagði það vera samskiptaaðferð sem skili sér vel og væri sem rauður þráður í starfinu. Sjá mátti á vettvangi að flest starfsfólk hefur tileinkað sér uppeldisstefnuna, leggur rækt við hana og hverju barni er mætt á sínum forsendum.

Meðan á vettvangsathugunum stóð voru viðfangsefni barna nokkuð fjölbreytt, skipulagðar stundir fyrir hádegi en frjáls leikur og útivera eftir hádegi. Börnin fengu samfelldan tíma til frjálsra leikja en mismunandi var eftir deildum hvort og hvernig barnahópnum var skipt, hvort viðfangefnin voru við hæfi/krefjandi og hve vel svæðin voru nýtt.

Áhugi og leikgleði var oftast einkennandi fyrir leiki barna en mismunandi hvort starfsfólk nýtti tækifæri til að bjóða upp á og koma með tillögur að áhugaverðum verkefnum, dýpka leikinn og taka þátt með börnunum. Flest starfsfólk var til staðar fyrir börnin en mismunandi hvernig því tókst að leiðbeina þeim, hvetja og styðja. Starfsfólk á yngri deildum var nálægt börnum í leik, sat á gólfi og tók þátt í leiknum, studdi þau og sýndi þeim umhyggju. Þegar börn í rýnihóp voru spurð hvað þau geri í leikskólanum sögðust þau leika sér, fara í kúlubraut og skemmtilegt væri að leika með matardótið, segulkubba og einingakubba. Svo væri gaman í Lubbastund, að leika úti. „Við förum stundum í Aldísarlund og gerum allskonar skemmtilegt þar. Við leikum okkur í Aldísarlundi, eldum lummur og við höfum fengið kakó.“ Þau sögðu kennarana skemmtilega og þeir leiki stundum við þau.

Lýðræði, jafnrétti og þátttaka barna

Í skólanámskrá kemur fram að lögð er áhersla á jafnrétti og frumkvæði barna og þau hvött til þátttöku í daglegu starfi. Þau læra að bera virðingu fyrir sjálfum sér og öðrum og reynt er að styrkja og efla frumkvæði hvers og eins. Lögð er áhersla á að sýna hvað lýðræði þýðir með því að viðhafa lýðræði í daglegu starfi á þann hátt að börnin taki þátt í ýmskonar ákvarðanatöku.

Á vettvangi mátti sjá að börnin höfðu áhrif og voru þátttakendur í daglegu starfi. Meðal þess sem nefnt var í rýnihópum starfsfólks voru barnafundir tengdir hugmyndafræðinni um *Jákvæðan aga*. Á barnafundum eru færri börn og þar eru málin ígrunduð út frá hugmyndum þeirra. Börn og starfsfólk gera sameiginlegan sáttmála um hvernig fundurinn á að vera, börnin ráða hvaða efni skal taka fyrir og unnið úr því á forsendum þeirra með hjálp starfsfólks. Í rýnihóp starfsfólks könnuðust ekki allir við að hafa tekið þátt í barnafundum. Í samverustund eru stærri hópar og þar hafa börnin áhrif á reglur um hvernig stundin á að fara fram og koma með tillögur að því hvað leikefni á að vera í vali hverju sinni. Börnin eru spurð hvað þau vilji gera, hvað vantar, hvað megi bæta og svo reyna þau að finna sameigilegar lausnir.

Í samverustundum er einnig sungið, lesið og spjallað. Á sumum deildum var unnið með Barnasáttmálann en að sögn deildarstjóra fer ekki fram markviss vinna með hann. Á deildum eldri barna hafa þau ýmis hlutverk og eru til skiptis, „klútaberi, veðurfræðingur, línari, sópari, frágangarar“ og svo framvegis. Börnin unnu saman að því að gefa hlutverkunum nöfn. Deild þeirra elstu sem er nýjust var í mótun og þar voru börnin höfð með í ráðum varðandi skipulagið og hlustað á þeirra hugmyndir. Í rýnihóp sögðust börnin fá að ráða í vali, hvaða leiki þau leika og mættu skipta í frjálsum leik. Svo væri hægt að skipta um mynd í vali en ekki þegar það væri *Hringekja*. Ef þau mættu alltaf ráða mundu þau vilja leika allan daginn. Matsaðilar urðu ekki vitni að barnafundum.

Í matsal þar sem borinn var fram morgunmatur, hádegismatur og síðdegishressing fyrir þrjár eldri deildirnar sækja börnin diska og áhöld og skammta sér sjálf. Starfsmaður var til staðar við borðið þar sem börnin skammta sér, aðstoðar og leiðbeinir ef þarf. Þau völdu sér sæti og sætisfélaga og gengu frá eftir matinn. Eldri börnin hafa gert reglur/sáttmála um umgengni í matsal og á einni deild var gerður sáttmáli um hvíldina og var hann undirritaður af börnunum. Þá hafa þau skrifað bréf til sveitarstjórans og komið með ábendingar til hans, þeim hefur verið boðið á sveitarstjórnarskrifstofuna til að ræða málin og fá svör við þeim spurningum sem þau báru fram. Starfsfólk yngstu deilda sagðist reyna að hlusta og lesa í leik barna til að fylgist með hvar áhugi þeirra liggur hverju sinni til að reyna að þróa leikinn út frá hugmyndum þeirra.

Námssvið

Námssvið aðalnámskrár leikskóla birtast í skólanámskrá; þar kemur fram að þau séu samofin öllu starfi leikskólans. Gerð er grein fyrir hverju námssviði, markmiðum og helstu leiðum. Á vettvangi mátti sjá námssviðin endurspeglast að mestu leyti í daglegu starfi.

Í gögnum leikskólans og á vettvangi mátti sjá að markvisst var unnið að því að efla málþroska barna. Stuðst var við læsisstefnuna *Læsi er lykillinn*. (Próunarvinna skóla á Eyjafjarðarsvæðinu, Miðstöðvar skólaþróunar HA og fræðsluviðs Akureyrar.) Megin námsgögnin eru *Orðaspjall*, *Söguaðferðin* og *Lubbi finnur málbein*. Verkefni þeim tengd voru unnin á öllum deildum og aðlöguð þroska barna. Leikskólastjóri og deildarstjórar sögðu læsisstefnuna sýnilega, nefna jákvæðan aga, Lubba, Orðaspjall, Söguaðferðina og útinám. Starfsfólk í rýnihópum var ánægt með Söguaðferðina og Lubbaverkefnið, sagði Lubba sýnlegan, hann skilaði sér bæði til barna og starfsfólks og börnin hafi gaman af honum. Bókstafir og stafróf voru á veggjum eldri deilda og í formi Lubbabeina á yngri deildum. Sjá mátti ljósmyndir með bókstöfum unnar úr efnivið úr náttúrunni á einni deildinni. Minna var af tölustöfum og formum á deildum og í sameiginlegum rýmum, á Listaloft mátti sjá litrík form á vegg. Myndir og textar tengdir Söguaðferðinni voru einnig á veggjum deilda.

Úrval bóka var aðgengilegt börnum í bókarekkum og í hillum á deildum. Fatahólf barna voru vel merkt með mynd og nafni barnsins. Dagskipulag var myndrænt, einnig með bókstöfum og í augnhæð barna. Leikefnið var að mestu í glærum plastkössum merkt með mynd af viðkomandi leikefni og aðgengilegt börnum. Á yngstu deildum var hluti leikefnis í hæð barna, annað var í efri hillum merkt fyrir starfsfólk sem sá til þess að leikefninu væri skipt út reglulega og að það væri aðgengilegt börnunum í frjálsum leik og öðrum verkefnum. Afmælis dagar barna voru á veggjum hverrar deildar, sýnilegt og var útfærslan fjölbreytt. Flokkunarkassar merktir plast og pappír voru merktir með bókstöfum og aðgengilegir börnunum. Að mati matsaðila var málumhverfi barna hvetjandi, styður vel við málþroska þeirra og námsgögn fjölbreytt. Í nokkrum tilvikum voru matsaðilar viðstaddir samverustundir þar sem börnin voru virkir þátttakendur í söng og spjalli.

Áhersla var á heilbrigði og vellíðan í daglegu starfi og í skólanámskrá segir að nemendum þurfi að líða vel til að læra að nýta hæfileika sína. Áhersla var á jákvæðan skólabrag, virðingu, umhyggju, útiveru og holla næringu og mátti sjá þessa þætti birtast á vettvangi. Starfsfólk í rýnihóp taldi að börnunum líði vel og sögðu þau glöð þegar þau kæmu í leikskólann. Nefnt var dæmi sem styður þessa tilfinningu. Í 1. bekk grunnskólans var verið að vinna með minningar barnanna og þá sögðu leikskólabörnin oft frá minningum úr leikskólanum. Starfsfólk leggur sig fram um að fylgja uppeldisstefnunni og matsaðilar urðu vitni af jákvæðum samskiptum þeirra við börnin þar sem þeim var sinnt af alúð, umhyggju og virðingu. Eins og áður hefur komið fram borða börnin á þremur elstu deildunum í matsal. Vel var staðið að matarmálmáttum, börnin skiptust á að fara í matsalinn nokkur í einu og á vettvangi mátti sjá að flæðið gekk vel fyrir sig. Börnin voru glöð og örugg, fengu þann tíma sem þau þurftu og áttu í góðum samskiptum sín á milli. Starfsfólk gekk um og aðstoðaði þau ef með þurfti. Börnum í rýnihóp fannst maturinn yfirleitt góður og sögðu að þau fengu stundum að ráða hvað er í matinn. Þeim fannst fiskur bestur einnig brauð, kex og pítsusnúðar. Í viðtali við leikskólastjóra kom fram að börnin hafa ekki áhrif á matseðil. Á yngri deildum borða börnin á sínum heimastofum. Á vettvangi mátti sjá að ýmist sat starfsfólk við borðin hjá börnunum eða gekk á milli og aðstoðaði. Börnin fengu góðan tíma til að matast og starfsfólk sýndi þeim yfirleitt natni og stuðning. Nokkurs ósamræmis gætti á samræmingu

hlutverka starfsfólksins á yngri deildumum í matmálstímum.

Lögð var áhersla á daglega hreyfingu barna sem birtist í frjálsum leik inni, í útiveru, vettvangsferðum, útinámi og í ferðum í íþróttahús Hrafnagilsskóla sem börnin sækja reglulega samkvæmt dagskipulagi og áherslum leikskólans. Einnig fá elstu börnin að sögn deildarstjóra danskennslu á vorönn með fyrsta bekk grunnskólans. Á meðan á vettvangsheimsókn stóð fóru börnin út á hverju degi, voru í frjálsum leikjum á leiksvæðinu, yngstu börnin fóru í vettvangsferðir og eldri börnin í Aldísarlund þar sem var hlaupið, þrilað og rennt sér í frostinu auk þess sem bakaðar voru lummur á eldstæðinu. Unnið var markviss að útinámi barna og í rýnihópum starfsfólks og í viðtali sérkennslustjóra og leikskólastjóra kom fram mikil ánægja með útinámið og útikennslustjóran. Fram kom að útinámið væri að þróast en mætti efla það enn frekar með því að auka þátttöku starfsfólks og efla þekkingu þess með fræðslu. Þá væru hugmyndir um að fjárfesta í gönguskiðum til að auka fjölbreytni og efla enn frekar hreyfingu barna.

Unnið var með umhverfisvernd, sjálfbærni og vísindi í leikskólanum samkvæmt skólanámskrá. Börnunum er kennt að bera virðingu fyrir umhverfi sínu og náttúru, upplifa og njóta og ýtt er undir vísindalega hugsun og forvitni. Útinám og vettvangsferðir voru fastir liðir í starfi leikskólans þar sem gefst tækifæri til að rannsaka og kynnast náttúrunni. Eins og áður hefur komið fram fóru börnin í vettvangsferðir til að kynnast nánasta umhverfi sínu og í markvisst útinám í Aldísarlund þar sem þau leika sér og fræðast. Á heimasíðu leikskólans er gerð nánari grein fyrir viðfangsefnum þar. Að mati matsaðila var aðstaðan í Aldísarlundi til fyrirmyndar, „indjاناتjald“ byggt úr trjábolum í fullri stærð sem veitir skjól, eldstæði er í miðju indjاناتjaldinu, einnig var grillaðstaða úti, leiksvið og læstur skúr sem meðal annars geymir námsgögn og eldivið. Fram kom hjá deildarstjóra að allar þessar framkvæmdir voru unnar í sjálfböðavinnu foreldra. Grunnskólinn nýtir einnig aðstöðuna og samkvæmt heimasíðu Eyjafjarðrasveitar er Aldísarlundur fyrir börn og fullorðna til að njóta útivistar saman. Lundurinn var að sögn starfsfólks vel nýttur og dvelja börnin í Aldísarlundi allan daginn eða hluta úr degi við leik og verkefnavinnu allan ársins hring, leika, rannsaka, elda mat, baka brauð og lummur yfir eldi.

Starfsfólk og börn flokka plast, pappír, safna lífrænum úrgangi, vigta matarleifar og velta fyrir sér matarsóun, auk þess er í umhverfisviku að vori farið með rusl á gámasvæðið. Börnin sá fræjum fyrir blómum og/eða kryddjurtum sem þau fara síðan með heim. Í viðtali við leikskólastjóra og rýnihóp deildarstjóra kom fram að verið væri að vinna að undirbúningi að *Grænum skrefum*² sem mun hjálpa til við að halda utan um þennan þátt.

Nokkuð úrval var af námsgögnum sem tengjast stærðfræði og vísindum. Auk vettvangsferða og útináms í Aldísarlundi, þar sem unnið var með vísindi og náttúru, hafa börn á eldri deildum aðgang að ýmsum tegundum kubba. Dæmi um þá voru Einingakubbar, einnig ýmiskonar tré- og plastkubbar. Leikefni tengt vísindum á yngri deildum voru ýmsar tegundir kubba til að flokka og raða. Einnig vakti áhuga og athygli barnanna nýtt leikfang sem gaf ýmsa möguleika til að rannsaka eins og að til dæmis renna, snúa, læsa, reima og hringja. Að sögn leikskólastjóra var það kvennfélagið í sveitinni sem gaf þessa veglegu gjöf. Samkvæmt skólanámskrá skal reynt að blanda vísindum inn í daglegt starf auk þess að bjóða upp á ákveðið vísindapema í hverjum mánuði. Í dagskipulagi og á vettvangi var ekki að sjá dæmi um slíkt.

Skapandi starf fór að mestu fram á Listalofti og þar var helst að finna efnivið til þess. Aðstaða á deildum var ágæt til skapandi starfs en slík vinna var lítið sýnileg þar. Skipulagðar stundir á Listaloftinu eru einu sinni í viku fyrir allar deildir með verkefnastjóra en annars hafa deildir aðgang að Listaloftinu. Börnin sátu þröngt við borð nokkur saman, verkefnastjóri sá um að afhenta þeim viðfangsefni, pappír, liti, lím, skæri og svo framvegis. Aðstaðan gaf börnunum ekki mikil tækifæri til að nálgast efniviðinn sjálf og óvíst er hvert frumkvæði þeirra var í skapandi starfi á Listalofti. Hvort þau fái að nálgast viðfangsefnið frá mörgum hliðum og á eigin forsendum eins og kemur fram í skólanámskrá. Þegar matsaðilar voru á vettvangi voru börn á Listalofti að líma skraut á grímur sem þau höfðu valið að gera og sýndu þau verkefninu áhuga. Matsaðilar urðu lítið varir við að verk eftir börnin væru sýnileg á veggjum deilda eða í sameiginlegum rýmum en fyrir uppskeruhátíð er sett upp sýning á verkum barnanna.

2 *Græn skref* er fyrir stofnanir sem vilja draga úr neikvæðum umhverfisáhrifum og efla umhverfisvitund starfsfólks. Krummakot er ein af starfsstöðvum Eyjafjarðrasveitar sem tekur þátt í verkefninu Græn skref SSNE.

Tónlistarstundir voru á dagskipulagi og fara fram í samverustundum á deildum og sameiginlegum söngstundum, auk þess sem tónlistakennari, kom einu sinni í viku á hverja deild, söng með börnunum og þau fengu tækifæri til að spila á hljóðfæri. Á meðan á vettvangsheimsókn stóð voru börnin á eldri deildum að æfa söng fyrir uppskeruhátíð sem foreldrum var boðið á til að hlusta á sönginn og skoða verkefni sem börnin hafa unnið í tengslum við vinnu með Söguaðferðina. Börnin kunnu flesta söngtextana og tóku af einlægni og áhuga þátt í undirbúningnum.

Velferð og líðan barna

Almennt einkenndist andrúmsloftið af virðingu, þolinmæði, umhyggju og jákvæðu viðmóti. Börnin voru glöð og áhugasöm í leik og samskipti þeirra góð. Starfsfólk átti góð samskipti við börnin, sýndi þeim þolinmæði og fylgdist með þeim í leik. Flest starfsfólk var til staðar fyrir börnin en í einstökum tilvikum mætti það sýna viðfangsefnum barnanna meiri áhuga. Í rýnihóp foreldra kom fram að börnin fái að njóta sín sem einstaklingar, þau fái mikla ást og umhyggju. Þegar börnin í rýnihópi voru spurð sögðu þau að þeim líði vel og það væri gaman að koma í leikskólann. Einn viðmælandinn í hópnum sagðist þó heldur vilja vera í friði heima að heyja. Þau sögðust eiga vini í leikskólanum, fleiri en einn og töldu upp nöfn vina sinna.

Mat á námi og velferð barna

Við mat á námi og velferð barna eru notuð eftirtalin viðurkennd matstæki:

- *Tras skráningarlistinn* (n. Tidlig registrering av språkuvikling) er notaður til þess að skrá og fylgjast með mál- og félagsþroska tveggja til fimm ára barna.
- *Hljóm-2* kannar hljóðkerfis- og málvitund og er lagður fyrir fimm ára börn.
- *Efi-2* málþroskaskimun þar sem málskilningur og máltjáning er lögð fyrir börn á fjórða aldursári.
- *Smábarnalistinn* er ætlaður til að meta mál-, vitsmuna- og hreyfiþroska 15 til 38 mánaða barna.
- *Íslenski þroskalistinn* er ætlaður til að meta hreyfi-, vitsmuna- og málþroska þriggja til sex ára barna.
- *Efi-2* málþroskaskimun er lögð fyrir börn á fjórða ári.
- *APES matsskerfið* (e. Assessment, Evaluation, Programming System for Infants and Children) færnimiðað matstæki, er nýtt þegar áhyggjur vakna um óeðlilega framvindu í þroska og nýtist við gerð einstaklingsnámskráa.
- *SDQ* spurningar um styrk og vanda fimm ára barna og eldri, fylltur út fyrir beiðni til sálfræðings.

Í skólanámskrá segir að kennarar geri skráningar á þroska barna tvisvar á ári og tengjast þær foreldravíðtölum að hausti og að vori og niðurstöður birtar í starfsáætlun. Undirbúningur vegna foreldraviðtala fer fram meðal allra starfsmanna deilda og niðurstöður eru nýttar í foreldraviðtölum. Að sögn deildarstjóra eru þessar niðurstöður ekki nýttar sem hluti af innra mati. Í gögnum leikskólans er ekki greint frá hvernig unnið er með *uppeldislegar skráningar* á námi og framförum allra barna og niðurstöður eða umbætur koma ekki fram í starfsáætlun. Ekki kemur fram í gögnum hvort börnin setji sér markmið með námi sínu eða meti eigin framfarir. Í skólanámskrá er gerð grein fyrir ferilmöppum barna þar sem verkum og námsferli þeirra er safnað. Tilgangur hennar er að efla ígrundun og mat á námi og þroska barna og gefa starfsfólki og foreldrum upplýsingar um framfarir þess og líðan. Ferilmappan er að sögn leikskólastjóra í notkun en er ekki nýtt til að meta framfarir barnanna. *Rafbókin*³ hefur að hluta til komið í stað hennar og því er minni áhersla lögð á ferilmöppuna. Rafbókin geymir daglegar athafnir, samtöl við börnin, leik, viðfangsefni og atburði í daglegu lífi þess. Með þessari aðferð er fylgst með þroska barnsins og að lokum eiga foreldra rafbók eftir hvert ár barnsins í leikskólanum. Foreldrar í rýnihóp lýstu ánægju sinni með rafbókina og sögðu hana afar skemmtilega. Í foreldraviðtölum styðjast

3 *Rafbók*, er afrakstur þróunarverkefnis leikskólans um Söguaðferðina sem var unnin í samvinnu við miðstöð skólaþróunar í HA. Þekkingin var í framhaldi nýtt til að þróa skráningarform fyrir foreldraviðtöl í formi rafbókar. Stuðst var við svipuð atriði og rædd eru í foreldraviðtölum. Rafbókin er skráning á sjálfstæði, áhugasviði, tjáningu, samskiptum, þátttöku í leik, frumkvæði, sköpunarkrafti, félagsfærni og samkennd.

deildarstjórar við heimatilbúinn *foreldraviðtalslista*. Listarnir eru tveir, annar fyrir yngri en þriggja ára, hinn fyrir eldri en þriggja ára. Foreldrum eru veittar upplýsingar um stöðu barnsins út frá fyrrgreindum listum og með upplýsingum úr rafbókinni sem farið er yfir í foreldraviðtali að vori.

Styrkleikar

- Hugmyndafræði og áherslur leikskólans Jákvæður agi birtast í námsgögnum og í samskiptum starfsfólks við börnin.
- Frjáls leikur fær góðan samfelldan tíma þar sem börnin hafa val um leikefni og leiksvæði og aðgengi að leikefni er í hæð barna.
- Deildarstjórar bera ábyrgð á gerð dagsskipulags sem er endurmetið eftir þörfum í samráði við annað starfsfólk.
- Myndrænt dagskipulag er á deildum og í augnhæð barna.
- Börnin eru glöð og áhugasöm og finnst gaman í leikskólanum, þau eru þátttakendur í daglegu starfi og hlustað er á raddir þeirra.
- Starfsfólk vinnur samkvæmt hugmyndafræði um Jákvæðan aga.
- Unnið er markvisst að málörvun, námsgögn eru fjölbreytt og styðja við máltöku og málþroska barna.
- Lögð er áhersla á heilbrigði og vellíðan barna með jákvæðum samskiptum, hreyfingu, hollri næringu og vel er staðið að matmálistímum barna í matsal.
- Unnið er markvisst með umhverfisvernd, náttúru og vísindi í útinámi barna.
- Viðurkennd matstæki eru notuð við skimun á námi og framförum barna.
- Foreldrum gefst tækifæri til að fylgjast með námi barna sinna og lýsa ánægju sinni með rafbókina.

Tækifæri til umbóta

- Skoða ætti hvort áhugi er á að vinna markvisst með Barnasáttmálann.
- Æskilegt væri að móta leikefnisstefnu tengda áherslum leikskólans, yfirfara og meta leikefnið og gera aðgengi þess áhugaverðara fyrir börnin. (Mætti nýta þá vinnu sem undirbúning fyrir flutning í nýjan leikskóla.)
- Kanna fyrirkomulag barnafunda á deildum og kynna fyrir öllu starfsfólki.
- Skoða ætti óskir barna varðandi hlutverkaleikinn, yfirfara leikefni, samræma og gera hann áhugaverðan.
- Meta hvort og hvenær boðið er upp á áhugaverð og krefjandi viðfangsefni sem hæfa hverjum aldurshóp.
- Skoða ætti óskir starfsfólks og verkaskiptingu þeirra á útileikvellingum og leikfangakost yngri barna.
- Leita leiða til að auka þekkingu starfsfólks á hlutverki sínu, hvatningu og þátttöku þeirra í leik barna.
- Bæta og samræma ritmál, tölustafi og form á veggjum deilda og hafa í sjónhæð barna.
- Gera stærðfræði og vísindi sýnilegri í daglegu starfi og í gögnum leikskólans.
- Bæta aðstöðu barna í skapandi starfi á deildum, auka frumkvæði þeirra þar sem áhersla er lögð á ferlið fremur en afurðina.
- Gefa börnum tækifæri á að meta nám sitt og setja sér markmið.

Samvinna foreldra og ytri tengsl

Pátttaka foreldra og upplýsingamiðlun

Áherslur leikskólans varðandi foreldrasamstarf koma fram í skólanámskrá, starfsáætlun og á heimasíðu leikskólans án þess að samræmi sé þar á milli. Samkvæmt skólanámskrá er kynningarfundur fyrir nýja foreldra að vori þar sem farið er yfir starfsemi leikskólans og húsnæðið skoðað. Á haustin eru allir foreldrar boðaðir á fund á sama tíma og aðalfundur foreldrafélags/foreldraráðs fer fram. Á fundinum er starf leikskólans kynnt m.a. stefna, áherslur, starfsfólk og aðlögun barna. Á heimasíðu leikskólans er tengill merktur foreldrum þar sem finna má gagnlegar upplýsingar þar á meðal foreldrahandbók. Pátttökuaðlögun er í leikskólanum þar sem foreldrar dvelja með börnum sínum fyrstu dagana, þar gefst foreldrum tækifæri til að kynnast leikskólastarfinu, starfsfólki og öðrum börnum.

Foreldrar í rýnihóp sögðust vera velkomnir í leikskólann, að það væri gott að koma og þeim heilsað af starfsfólki og leikskólastjóra. Upplýsingaflæði væri ágætt og upplýsingar sem berast í tölvupósti væru mjög góðar, einnig heimasíðan. Mánaðaráætlun deilda væri send heim fyrir lok hvers mánaðar, þar getur fjölskyldan fylgst með viðburðum og dagskrá hvers dags. Deildarstjórar sendu tölvupóst á föstudögum og leikskólastjóri sendir tölvupóst um almenn málefni þegar við á. Myndir af börnunum væru sendar á Karellen. Umræða varð um Karellen appið en foreldra greinir á um ágæti þess. Leikskólinn var með fésbókarsíðu þar sem foreldrar fá sendar upplýsingar og minnt er á viðburði framundan. Við hverja deild var tafla með skilaboðum og áðurnefndu mánaðardagtali, einnig voru skráðir viðburðir og viðfangsefni barna í lok hvers dags.

Foreldrar í rýnihóp sögðust hafa fengið kynningu á stefnu leikskólans, þekktu áherslur leikskólans (Jákvæður agi) og að unnið væri samkvæmt henni. Í foreldraviðtölum sögðust þeir geta komið áherslum sínum og athugasemdum á framfæri. Ef eitthvað þyrfti að ræða sérstaklega væri það tekið upp jafnóðum. Fram kom í rýnihóp foreldra að foreldraviðtöl væru tvisvar á ári og hægt að óska eftir auka viðtali ef þarf. Í niðurstöðum úr foreldrakönnun sem unnin var af leikskólanum í nóvember 2022 kom fram að öllum foreldrum fannst þeir vera velkomnir í leikskólann og langflestir voru ánægðir með upplýsingar frá leikskólanum sem væri miðlað með reglubundnum og fjölbreyttum hætti. Rétt rúmlega helmingur foreldra taldi heimasíðu leikskólans virka og innihalda hagnýtar upplýsingar á meðan fjórðungur var hvorki sammála né ósammála.

Við leikskólann var starfandi foreldraráð og foreldrafélag undir einni stjórn sem í sitja fimm foreldrar. Að sögn foreldra í rýnihóp væru fulltrúar valdir á haustfundi, tveir til þrjár til tveggja ára í senn, í allt væru fulltrúarnir fimm sem skipa foreldraráð/foreldrafélag. Fulltrúar skiptu með sér verkum, skipa formann, varaformann, ritara, gjaldkera og meðstjórnanda. Foreldraráð/foreldrafélag var sameiginlegt og fulltrúar í rýnihóp sögðust þekkja hlutverk foreldraráðs, að það væri lögbundinn vettvangur foreldra. Foreldraráð/foreldrafélag fundar reglulega eða á fimm til sex vikna fresti. Fulltrúar sögðu hlutverk þeirra vera að lesa yfir starfsáætlun, sitja skólanefndarfundi og fundi matshóps leikskólans. Þeir sjái um fræðslu fyrir foreldra, sækji jólatré út í skóg, sjái um að auglýsa viðburði og ræða önnur verkefni. Í máli leikskólastjóra kom fram að foreldraráð/félag lesi yfir skólanámskrá, fari yfir skóladagatal og starfsáætlun. Í foreldrakönnun leikskólans síðan í nóvember 2022 sagðist meiri hluti foreldra þekkja hlutverk foreldraráðs eða 71% en færri vissu hverjir sitja í ráðinu. Fulltrúar í rýnihóp sögðu alla foreldra þekkja til foreldraráðs. Foreldraráð/félag fundaði saman, væri með fésbókarsíðu sem allir foreldrar hefðu aðgang að, þar væru settar inn fundargerðir stjórnar. Á heimasíðu var gerð ýtarleg grein fyrir starfsháttum og reglum foreldraráðs/foreldrafélags. Einnig var lagalegu hlutverki foreldraráðs gerð skil og hverjir sitja í ráðinu/félaginu. Foreldraráð/félagið hefur sett sér starfsreglur og fram kemur í reglunum að birta skuli starfsáætlun ráðsins á heimasíðu. Starfsáætlun og fundargerðir var ekki að finna á heimasíðu. Leikskólastjóri er tengiliður leikskólans við foreldraráð, hann upplýsir ráðið og situr fundi þess. Hlutverki foreldrafélagsins var gerð skil á heimasíðu. Félagið er virkur samstarfsaðili við leikskólann og sér um ýmsa viðburði. Foreldrar greiða félagsgjöld sem notuð eru til að styrkja ýmis verkefni svo sem jólagjafir til barnanna, útskriftgjafir, leiksýningar, fyrirlestra og námskeið auk ýmissa annarra viðburða.

Viðhorf foreldra

Foreldrar í rýnihóp voru í heildina jákvæðir í ummælum sínum um leikskólann. Þeim fannst þeir fá jákvætt viðmót, ánægja var með hvernig komið er fram við börnin, þeim liði vel og vildu alltaf koma í leikskólann. Starfsfólk væri jákvætt og ef eitthvað væri að, sama hvað, þá væru foreldrar alltaf látnir vita. Þeim fannst ríkja nánd og kærleikur milli barna inni á deild og á milli deilda. Börnin njóti sín í leik úti, megi takast á við ýmis verkefni, sulla og verða óhrein. Mjög mikil ánægja var með útinámið og sögðu þau að börnin tali oft um útisvæðið Aldísarlund þar sem þau fá kennslu um náttúruna og dýrin. Þeim fannst starfsfólk metnaðarfullt og aðdáunarvert hvað það nær að gera gott úr öllu, leysa mál oft við erfiðar aðstæður og strax gengið í að gera það sem þarf.

Samstarf við grunnskóla

Í skólanámskrá og starfsáætlun var fjallað um markmið og samstarf við Hrafnagilsskóla. Í viðtali við leikskólastjóra kom fram að uppeldisstefnan Jákvæður agi hefði verið sameiginleg stefna beggja skólastiganna nokkuð lengi. Í fyrrnefndum gögnum, samtölum við starfsfólk og rýhópum kom fram að kennarar beggja skólastiga vinna samstarfsáætlun fyrir hverja önn. Börnin fara í reglubundnar heimsóknir í grunnskólann og nemendur 1. bekkjar heimsækja leikskólann. Á heimasíðu og í gögnum leikskólans er ekki að finna skriflega starfsáætlun veturinn 2023-2024 og í hvaða tilgangi börnin heimsækja grunnskólann, hvernig skilum er háttað eða hverjir beri ábyrgð á framkvæmd samstarfsins. Deildarstjórar sögðu samstarfið í föstum skorðum en að það væri ekki skráð. Gagnkvæmar heimsóknir kennara eru milli skólastiga en einnig hittast kennarar beggja skólastiga í janúar og funda vegna samstarfs um Söguaðferðina. Tónmenntakennari Hrafnagilsskóla kemur vikulega í leikskólann yfir veturinn og kennir þremur elstu árgöngunum tónlist og kynnir mismunandi hljóðfæri. Nemendur tónlistaskólans koma reglulega í heimsókn og spila fyrir börnin. Nemendur í 7. bekk koma í leikskólann og lesa fyrir börnin, 6. bekkur heimsækir leikskólann í desember og aðstoðar við jólaföndur. Boðið eru upp á danskennslu elsta árgangs í leikskólanum eftir áramót í grunnskólanum og halda þau í lok annar ásamt 1. bekk grunnskólans danssýningu fyrir foreldra. Auk þess er börnunum boðið á ýmsa viðburði í grunnskólanum sem greint er frekar frá í starfsáætlun leikskólans.

Annað samstarf

Leikskólinn á gott samstarf við nærsamfélagið og lýstu deildarstjórar ánægju sinni með samstarfið. Börnin hafa aðgang að bókasafni og íþróttahúsi grunnskólans og fara þangað reglulega. Þau heimsækja garðyrkjustöðina, jólahúsið, sveitarbæina Hrafnagil og Kristnes, trésmíðaverkstæðið og sveitarstjórnarskrifstofuna. Einnig hefur starfsfólk áhuga á að auka samstarf við eldri borgara sem hefur ekki verið reglulegt að sögn deildarstjóra. Deildarstjórar í rýnihóp sögðust hafa áhuga á að kynna börnum þjóðsögur og örnefni í umhverfinu og tengja það samstarfi og þekkingu eldri borgara/sveitunga. Ágætlega er gerð grein fyrir samstarfi við nærsamfélagið í starfsáætlun leikskólans.

Styrkleikar

- Foreldrar þekkja hugmyndafræði og áherslur leikskólans.
- Foreldrar eru jákvæðir í ummælum sínum um leikskólann og vel er staðið að upplýsingamiðlun til þeirra.
- Foreldraráð er starfandi við leikskólann, það fundar reglulega ásamt leikskólastjóra og sendir fundargerðir á fésbókarsíðu til foreldra.
- Foreldrafélag er starfandi við leikskólann og styrkir hann á margvíslegan hátt.
- Gagnlegar upplýsingar um foreldraráð og foreldrafélag er á heimasíðu leikskólans.
- Formlegt samstarf er milli leik- og grunnskóla.
- Leikskólinn er virkur þátttakandi í samfélaginu.

Tækifæri til umbóta

- Samræma ætti áherslur um foreldrasamstarf í gögnum leikskólans.
- Skilgreina lögbundið hlutverk foreldraráðs annars vegar og foreldrafélags hins vegar og birta á heimasíðu leikskólans.
- Foreldraráð þarf að vinna starfsáætlun og birta á heimasíðu leikskólans ásamt fundargerðum.
- Bæta þarf upplýsingar á heimasíðu um fulltrúa í foreldraráði.
- Gera þarf skriflega áætlun um formlegt samstarf leik- og grunnskóla, birta í gögnum leikskólans og á heimasíðu hans.

Skóli án aðgreiningar

Skólajónusta og sérkennsla

Í leikskólanum starfar sérkennslustjóri sem hefur ábyrgð og umsjón með sérkennslu, sinnir greiningum og veitir starfsfólki og foreldrum ráðgjöf. Hlutverk hennar er að hafa yfirumsjón með sérkennslu, skipuleggja og stýra vinnu sérkennslusteymis auk þess að fylgja eftir að unnið sé samkvæmt skipulagi. Í sérkennsluteyminu auk hennar eru þrír sérkennarar/stuðningur sem allir eru í hlutastarfi, teymið fundar aðra hvora viku. Sérkennslustjóri ber ábyrgð á þjálfunaráætlun vegna barna með sérþarfir, á sérkennslugögnum og gerir einstaklingsnámskrár. Einnig leysir hún af sérkennara og sömuleiðis í veikindum starfsfólks á deildum. Eins og áður hefur komið fram tekur sérkennslustjóri að sér ýmis verkefni sem leikskólastjóri felur henni. Hún starfar með deildarstjórum, fundar einstaklingslega með þeim, ræðir mál einstakra barna í þeim tilgangi að koma upplýsingum áfram til foreldra fyrir foreldraviðtöl.

Samkvæmt sérkennslustjóra er gott upplýsingastreymi milli deilda um aðferðir og vinnubrögð. Hún fer inn á deildir, hvetur starfsfólk, miðlar og leiðbeinir, auk þess sem sérkennsluteymið miðlar og leiðbeinir starfsfólki. Að sögn hennar er mismunandi hversu vel námskránni er fylgt eftir á deildum, það geti farið eftir einstaklingum og aðstæðum og því sé mikilvægt að halda reglulega deildarfundi. Stuðningur fer að mestu fram inni á deildum en einstaklingskennsla í öðrum rýmum svo sem í sérkennsluherbergi. Hún segir að reynt sé að láta öll börn tilheyra barnahópnum eins og mögulegt er. Félagfærniþjálfun fer fram inni á deildum en sérkennslustjóra finnst hún ná betri árangri þegar unnið er einstaklingslega með málörvun og börn með erfiðar fatlanir. Markvisst er unnið með snemmtæka íhlutun og á yngri deildum eru gerðar deildargreiningar. Ákveðinn verkferill fer af stað ef grunur vaknar um þroskafrávik og ber sérkennslustjóri ábyrgð á að fylgja eftir ferlinu. Verkferlið er ekki til skráð og að hennar sögn þurfi að bæta það.

Sérkennslustjóri ber ábyrgð á samstarfi við foreldra barna með stuðning, hún boðar á teymisfundi með foreldrum og viðkomandi sérfræðingum og eru fundir haldnir eftir þörfum. Hún sér einnig um að rita fundargerðir og stýra fundum. Myndað er teymi um börn með stuðning, gerðar einstaklingsnámskrár með aðkomu foreldra og þær endurmetnar á um það bil sex mánaðað fresti. Heildarnámskrá er gerð fyrir árið og einstaka þættir unnir út frá henni í afmarkaðan tíma. Leikskólinn er með þjónustusamning við skólajónustu Akureyrarbæjar, þaðan koma sérkennsluráðgjafi, sálfræðingur og talmeinafræðingur. Sérkennsluráðgjafi veitir ráðgjöf og stuðning og kemur í leikskólann eftir þörfum. Talmeinafræðingur sem er verktaki kemur reglulega vegna vinnu með börnunum en mætir ekki sjálfkrafa á teymisfundi, sérkennslustjóri þarf að sjá um að kalla á hana á fundi. Sérkennslustjóri hefur áhuga á að koma á betra skipulagi varðandi samstarf við talmeinafræðing. Sérkennslustjóri er í teymi (ISAT) um íslenskukennslu sem annað tungumál. Hún er tengiliður leikskólans við félagsþjónustu Akureyrarbæjar, sækir fundi á Akureyri ásamt öðrum sérkennslustjórum í nágretta sveitarfélögum. Hún segir það góðan stuðning að hitta aðra í álíka störfum auk þess sem gott sé að eiga samstarf og stuðning sérkennsluteymisins í leikskólanum. Foreldrar í rýnihóp eru ánægðir með sérkennsluþjónustuna, segja þjónustustigið gott, einstaklingsþjónustu góða og viðmót starfsfólks við einstök börn mjög gott. Sérkennslustefnu og markmiðum eru gerð góð skil á heimasíðu.

Börn með annað móðurmál en íslensku

Tvö börn með annað móðurmál en íslensku eru í leikskólanum. Leikskólinn hefur sett sér verklagsreglur um *Móttöku barna af erlendum uppruna* sem unnið er eftir. Í móttökusamtali við foreldra er meðal annars farið yfir spurningalista, tengiliður við barnið kynntur, myndrænt skipulag með athöfnunum/hlutum er tilbúið þegar barn byrjar auk þess sem leikskólinn nýtir sér *google translate* til að auðvelda samskipti. Leikskólinn hefur aðgang að túlkajónustu ef þarf. Þá hafa þau að sögn leikskólastjóra fengið starfsfólk sem talar tungumál viðkomandi barns og foreldris til að þess að túlka. Fram kom í rýnihóp deildarstjóra að þeim finnst bagalegt hvað börn með annað tungumál en íslensku séu fá og vilja sjá aukna fjölbreytni í barnahópnum. Í gögnum leikskólans er ekki að sjá að unnið sé markvisst með heimamenningu barna en að sögn deildarstjóra er unnið með heimamenningu út frá árstíðarbundnum verkefnum í sveitinni sem auðvelt er að tengja umræðu um matarnýtingu sem er hluti af áherslum

leikskólans. Á heimasíðu eru allar upplýsingar eingöngu á íslensku.

Styrkleikar

- Sérkennslustjóri er starfandi við leikskólann, hann ber ábyrgð á sérkennslu, sinnir greiningum, sér um einstaklingsnámskrá, veitir starfsfólki og foreldrum ráðgjöf og er tengiliður við skólaþjónustu Akureyrarbæjar.
- Leikskólinn er í formlegu samstarfi við skólaþjónustu Akureyrarbæjar.
- Myndað er teymi um sérkennslubörn, teymisfundir haldnir reglulega og einstaklingsnámskrá unnin í samráði við foreldra, stuðningsaðila og sérfræðinga.
- Foreldrar eru jákvæðir í ummælum sínum um sérkennsluþjónustuna og finnst þjónustustigið gott.
- Áætlun og verkferlar eru til um móttöku barna með annað tungumál en íslensku og boðið er upp á túlkaþjónustu ef þarf.

Tækifæri til umbóta

- Gera skriflegan verkferil ef og þegar grunur vaknar um barn með þroskafrávik.
- Æskilegt væri að koma á formlegu skipulagi á samskiptum við sérfræðinga á Skólaskrifstofu Akureyrarbæjar.
- Æskilegt væri að hafa almennar upplýsingar á heimasíðu á fleiri tungumálum en íslensku.

Innra mat

Skipulag og viðfangsefni

Starfandi var matsteymi í leikskólanum sem á að setja sér árlega starfsáætlun. Í matsteyminu voru: skólastjóri, fulltrúi kennara, fulltrúi starfsfólks og foreldra. Fram kom að óvíst væri hversu meðvitaðir foreldrar almennt væru um setu fulltrúa síns í matsteyminu. Á heimasíðu leikskólans kom fram að starfsáætlun matsteymis fyrir skólaárið 2023–2024 væri í vinnslu. Ábyrgð á gerð innra mats var hjá leikskólastjóra og sá hún ásamt sérkennslustjóra og einum deildarstjóra um framkvæmd þess. Unnið hefur verið að þróun innra mats leikskólans frá árinu 2019 með aðstoð frá fyrirtækinu *Ásgarður – íslensk skólaráðgjöf*. Fram kom hjá fulltrúum í matsteymi að búið væri að meta öll gæðaviðmiðin í matsáætluninni og farið væri af stað með mat á henni í annað sinn.

Gagnaöflun og vinnubrögð

Í leikskólanum hefur verið gerð langtímaáætlun um innra mat frá 2020–2024 og matsáætlun fyrir skólaárið 2023–2024. Matið er unnið samkvæmt gæðaviðmiðum frá fyrirtækinu *Ásgarður – íslensk skólaráðgjöf*. Í leikskólanum voru gerðar starfsmanna- og foreldrakannanir, unnar af starfsmönnum leikskólans. Einnig voru nýttar niðurstöður úr ígrundun starfsfólks sem fram fer í vettvangsathugunum á deildum. Matsteymi fór yfir framkvæmd umbótaáætlunar og tók tillit til þeirra atriða sem ekki höfðu komist til framkvæmda á árinu. Gerði síðan áætlun fyrir innra mat næsta skólaárs út frá þessum niðurstöðum. Börn tóku ekki þátt í innra mati leikskólans en í umbótaáætlun leikskólans 2023–2024 var talað um gefa börnum fleiri tækifæri til að hafa áhrif á skólastarfið og vinna betur með barnafundi. Stjórnendur fóru yfir niðurstöður innra mats og unnu út frá því umbótaáætlun sem sett var í starfsáætlun næsta árs. Matsteymið nefndi nokkur dæmi um umbætur sem innra matið leiddi til:

- Jákvæður agi gerður sýnilegrir.
- Dregið betur fram að leikurinn er námsleið leikskólans.
- Betri kynning fyrir foreldra á jákvæðum aga.
- Bætt heimasíða.

Opinber birting og umbætur

Kynningarfundur var að hausti þar sem innra mat og niðurstöður þess voru kynntar. Niðurstöður voru kynntar myndrænt á heimasíðu, gerð skriflega grein fyrir helstu niðurstöðum og sett inn umbótaáætlun. Niðurstöður voru birtar á heimasíðu leikskólans.

Styrkleikar

- Leikskólinn er með matsteymi sem hefur sett sér starfsáætlun.
- Leikskólinn hefur sett sér matsáætlun til fjögurra ára.
- Foreldrar eiga fulltrúa í matsnefnd leikskólans.
- Leikskólinn setur sér árlega matsáætlun.
- Út frá niðurstöðum úr árlegu innra mati er gerð umbótaáætlun.
- Niðurstöður innra mats og umbótaáætlun eru birtar á heimasíðu leikskólans.

Tækifæri til umbóta

- Mikilvægt er að gerðar verði starfsmanna- og foreldrakannanir fyrir leikskólann af óháðum aðila.
- Leita þarf leiða til að börnin komi að innra mati leikskólans.
- Tryggja ætti að foreldrar séu upplýstir um setu fulltrúa síns í matsteymi leikskólans.
- Æskilegt væri að vísa í niðurstöður innra mats í skólanámskrá.

Heimildir

Aðalnámskrá leikskóla 2011. Sótt á vef 30. nóv. 2023.

Slóðin er: <http://www.menntamalaraduneyti.is/utgefid-efni/namskrar/adalnamskra-leikskola/>.

Ásgarður – íslensk skólaráðgjöf. Sótt á vef 18. des. 2023.

Slóðin er: <https://sites.google.com/ais.is/asgardur>

Foreldrakönnun frá 2022. Gögn frá leikskólastjóra

Græn skref. Sótt á vef 12. jan. 2024. Slóðin er: <https://graenskref.is/graen-skref/>

Heimasíða leikskólans. Sótt á vef 27. nóv. 2023.

Slóðin er: (https://krummakot.leikskolinn.is/Skolastarfid/stefna_aherslur)

Jákvæður agi. Sótt á vef 18. des. 2023. Slóðin er: <https://jakvaeduragi.is/>

Leikskóladagatal. Sótt á vef 30. Nóv. 2023. Slóðin er: <https://krummakot.leikskolinn.is/>

Lög um leikskóla nr. 90/2008.

Lög um menntun og ráðningu kennara og skólastjórnenda við leikskóla, grunnskóla og framhaldsskóla nr. 95/2019.

Móttökuáætlun fyrir nýtt starfsfólk. Sótt á vef 6. jan. 2024.

Slóðin er: <https://krummakot.leikskolinn.is/Stjornun/Mottaka-nyrra-starfsmanna>

Reglugerð um starfsumhverfi leikskóla nr. 655/2009

Starfsmannakönnun frá 2023. Gögn frá deildarstjóra.

Öryggishandbók leikskólans. Sótt á vef 6. jan. 2024.

Slóðin er: <https://docs.google.com/document/d/12rNlsjRKLPfmJvOcpQd6CTJHctOzKC5aHK9oNd-AJe8/edit>

Viðtöl:

Símaviðtal við sveitarstjóra.

Viðtal við leikskólastjóra.

Viðtal við rýnihóp barna.

Viðtal við rýnihóp deildarstjóra.

Viðtal við rýnihóp foreldra.

Viðtal við rýnihóp starfsmanna.

Viðtal við sérkennslustjóra.

